

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Strandabyggðar.

1. gr.

Gjaldskýlda.

Strandabyggð innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. laganna.

2. gr.

Ráðstöfun gjalda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða. Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t fjármagnskostnaði og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

3. gr.

Tengigjald vatnsveitu.

Tengigjöld skal innheimta af öllum fasteignum sem eru tengdar við vatnsveitu í eigu Strandabyggðar og skal gjaldið lagt á og innheimt við tengingu og skal vera sem hér segir:

32 mm	kr. 193.110
40 mm	kr. 209.825

Starfsmenn áhaldahúss sjá um að leggja og tengja heimæðar, setja inntakskrana utanhúss og krana, síu og einstefnuloka innanhúss. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt frá inntaksstað mannvirkis að krana í lóð í frostfríu dýpi samkvæmt fyrirmælum verkstjóra áhaldahúss Strandabyggðar og fjarlægð frá stofnæð sé ekki meiri en 15 metrar.

Við endurnýjun eldri vatnsinntaka skal farið eftir framangreindum reglum en greitt verði eftir umfangi verks.

4. gr.

Vatnsgjald.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,30% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Vatnsgjald er ekki lægra en kr. 33.060 og ekki hærra en kr. 44.300 af íbúðarhúsnæði. Vatnsgjald fer þó ekki yfir 0,5% af fasteignamati húss og lóðar.

5. gr.

Aukavatnsgjald.

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa, greiða aukavatnsgjald. Aukavatnsgjald er innheimt eftir á, samkvæmt mældri notkun með rúmmetramæli sem vatnsveita leggur til. Þar sem ekki eru mælar er stjórn vatnsveitu heimilt að áætla notkun.

Aukavatnsgjald fyrir hvern m³ að 100.000 m³ er kr. 25.

Aflsláttur til stórnotenda frá 100.000 m³ að 250.000 m³ er 20%.

Aflsláttur til stórnotenda frá 250.000 m³ er 40%.

6. gr.

Mælaleiga.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu árlega greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

Stærð mælis	Mælaleiga á ári
25 - 31 mm	6.860 kr.
32 - 39 mm	9.565 kr.
40 - 49 mm	15.130 kr.
50 - 74 mm	23.470 kr.
75 mm og stærri	42.450 kr.

7. gr.

Breytingar á gjöldum.

Ákvörðun um vatnsgjald samkvæmt 2. gr. er tekin árlega af sveitarstjórn samhliða ákvörðun um álagningarstuðla fasteignagjalda. Önnur gjöld í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu 14. febrúar 2012 og breytast samkvæmt henni 1. janúar ár hvert. Gjöld vatnsveitunnar bera ekki virðisaukaskatt.

8. gr.

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

Vatnsgjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2004, sbr. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

9. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 14. desember 2021 samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi, jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 214/2021.

Strandabyggð, 19. janúar 2022.

Jón Gísli Jónsson oddviti.